

Tillaga fulltrúa Flokks fólksins í velferðarráði

Tillaga Flokks fólksins um að ræða við og taka stöðuna hjá foreldrum 2290 barna sem bíða á biðlista eftir sérfræðiaðstoð skóla s.s. sálfræðiaðstoð og aðstoð talmeinafræðings. Biðlistinn hefur lengst stöðugt og lengist enn þrátt fyrir breytt skipulag, Betri borg verkefnið, sem komið er í gang í sumum hverfum borgarinnar. Biðlistinn hefur lengst stöðugt þrátt fyrir umfangsmiklar aðgerðir við að innleiða BBB. Tafir hafa orðið á verkefninu enda ferlið flókið. Skipaðir voru fimm starfshópar til að koma verkefninu af stað. Skipaður var eigendahópur verkefnisins með sviðsstjórum, formanni verkefnastjórnar og fulltrúa miðstöðva. Settur var á laggirnar stýrihópur innleiðingar. Skipaðir voru verkefnisstjórnir BBB á hverri miðstöð sem samanstóðu af röð stjórna með ýmsum titlum. Og öll þessi hersing var svo í samvinnu við ÞON. Það skal því ekki undra að ekki hefur tekist að spyrna fótum við fjölgun á biðlista barna. Viðurkennt er að þetta reyndist allt þyngra en reiknað var með og að fundaalag sé mikið sem ekki er skrátið. Það er mikilvægt að kanna stöðuna hjá þessum fjölskyldum og heyra í foreldrum barnanna sem hafa sum beðið mánuðum saman eftir aðstoð. Eru þeir jafn ánægður með BBB eins og sagt er að starfsfólkið sé og "deildir"?